

Mál nr. 227/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns og eiganda A.

Ökumaður og eigandi bifhjóls varð fyrir slysi 22.6.2013. Tilkynning tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.7.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 17.8.2016.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann ók bifhjóli sínu þann 22.6.2013. M var fluttur á sjúkrahús og þá kom í ljós brot á vinstra hné og var hann settur í gips. Meðferð áverkanna var þannig að gipsið var fjarlægð 12.8.2013. M var eftir það í meðferð hjá sjúkrahjálfara, en var draghaltur og leitaði því til sérfræðings í bæklunarskurðlækningum vorið 2014 og fór í aðgerð 26.5.2014. M segist hafa haft samband við lækinn þann 10.7.2014 og sagst eiga erfitt með gang, en læknirinn sagði að það væri ekki óeðlilegt miðað við tímann sem liðinn væri frá aðgerðinni. M fékk síðan sterasprautu hjá læknum í maí 2015, en fékk ekki bót meina sinna með því. Slys M var tilkynnt til V með tjónstilkynningu dags. 14.7.2015. Af hálfu M er því haldið fram að hann hafi fyrst gert sér grein fyrir að hann kynni að hafa hlotið varanlegt líkamstjón vorið 2015, þegar honum var ljóst að sterasprautan virkaði ekki. V hafnar bótaskyldu og telur að frestur til að tilkynna slysið hafi verið útrunninn þegar það var tilkynnt sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V tekur fram að aðgerð sú sem framkvæmd var á M 26.5.2014 hafi verið nokkuð flókin aðgerð þar sem fræsa þurfti bein og slétta og hreinsa bólgu/örvef. V segir að af fyrirliggjandi læknisvottorðum liggi fyrir að um alvarlegt slys hafi verið að ræða og telur V að M hafi fengið vitneskju um atvik þau sem krafa hans er reist á strax á slysdegi en slysið hafi verið tilkynnt rúmum tveim árum eftir að það átti sér stað. V segir að verði ekki fallist á það að M hefði haft vitneskju um atvik sem krafa hans sé reist á þegar á slysdegi þá hafi honum ekki getað dulist það þann 12.9.2013 þegar M kom í lokaskoðun á Landsspítala, en í allra síðasta lagi þegar M var vísað til sérfræðings í bæklunarlækningum. Auk þess telur vísar V til þess að af dómafordæmi megi sjá að rétt sé að miða upphaf ársfrestsins til tjónstilkynningar við það tímamark þegar M hitti umræddan sérfræðing eða í síðasta lagi þegar sá tók M til aðgerðar 26.maí 2014.

Álit.

M varð fyrir nokkuð alvarlegum áverka í slysinu 22.6.2013, þar sem meðhöndla þurfti beinbrot í hné með gipsi. Þau einkenni sem M átti við að stríða eftir það leiddu til þess að hann leitaði til sérfræðings í bæklunarlækningum vorið 2014. Í ljósi þess að hann fór síðan í aðgerð hjá þeim sérfræðingi sama vor verður að telja að þá hafi M í síðasta lagi haft vitneskju um atvik sem krafa hans er reist á. M tilkynnti tjón sitt til V með tjónstilkynningu dags. 14.7.2015, en þá var sá árstilkynningarfrestur liðinn sem vísað er til í 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu eiganda og ökumanns A hjá V.

Reykjavík 20.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.